

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 2-2019

*Staður:* Hvanneyri

*Tími:* þriðjudaginn 26. febrúar 2019, kl. 13:30 – 15:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Halldór Þorgeirsson, Jóhannes Kristjánsson og Sunna Þórarinsdóttir.

### Dagskrá

**1. Stefnumótun Lbhí – 13:30-14:15**

Rektor fór yfir stöðuna í stefnumótunavinnu fyrir Lbhí. Boðað hefur verið til starfsmannafunda á hverri starfsstöð núna í vikunni þar sem m.a. verður farið yfir næstu skref innanhúss.

**2. Sameiginlegur persónuverndarfulltrúi opinberu háskólanna - 14:15-14:20**

Á fundi samstarfsnefndar opinberu háskólanna sl. föstudag var samþykkt að ganga frá ráðningu sameiginlegs persónuverndarfulltrúa. 60:20:10:10% HÍ:HA:Lbhí:Hólar Löglærður einstaklingur.

**3. Fjármál / eignir í umsjón skólans - 14:20-14:30**

Áætlun vegna 2019 hefur verið samþykkt af ráðuneytinu.

Rektor hefur verið í sambandi við fulltrúa Ríkiseigna og Menntamálaráðuneytis. Fundur verður haldinn með Ríkiseignum um miðjan mars sem Halldór og Ragnheiður munu sækja.

**4. Starfsreglur Háskólaráðs - 14:30-14:40**

Drög voru kynnt og rædd sem byggja á starfsreglum Háskóla Íslands sem háskólaráðsmenn hafa fengið aðgang að á sameiginlegu vefsvæði. Til hliðsjónar var yfirlit yfir hlutverk Háskólaráðs frá Bjarna Diðrik. Lagt fram til skoðunar og haldið áfram í þessari vinnu á komandi fundum.

**5. Rannsóknir - 14:40-14:50**

Tvær Evrópu-umsóknir voru sendar í febrúar. Áhersla lögð á að efla sókn í erlenda sjóði.

**6. Önnur mál og næsti fundur - 14:50-15:00**

Nýr nemendafulltrúi í háskólaráði verður Hera Sól Hafsteinsdóttir. Sunna verður varamaður. Sunnu þakkað afar gott starf.

Fundargerð var lesin og samþykkt af öllum háskólaráðsfulltrúum.

Næsti fundur verður haldinn 26. mars kl. 13:30 á Hvanneyri.

